

Nd.

## 509. Frumvarp

til laga um námsskeið verzlunarmanna.  
Eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

### 1. gr.

Kaupmenn, kaupfélagsstjórar og aðrir þeir, sem reka verzlunir eða veita verzlunum forstöðu í kaupstöðum, skulu, þá er þeir taka unglínga yngri en 18 ára til verzlunarnáms, annast um að gerður sé skriflegur námssamningur, og ber hlutaðeigandi lögreglustjóra að rita vottorð sitt á samninginn þess efnis, að hann sé saminn á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir um. Sé ákvæði þetta brotið er samningurinn ógildur. Eyðublöð undir slíka samninga lætur stjórnarráðið semja og afhenda lögreglustjóra þau ókeypis.

### 2. gr.

Engan pilt eða stúlku má taka til náms, sem yngri er en 12 ára.

### 3. gr.

Í samningnum skal ákveðið, hve langt námsskeiðið skal vera; má það aldrei lengra vera, að meðtöldum reynslutímanum (sbr. 5. gr.), en 5 ár.

### 4. gr.

Það skal skýrt tekið fram í samningnum, hvernig launa skuli nemandanum, og skulu launin annaðhvort vera fólgin í fæði, húsnæði, klæðum og þjónustu, eða þá mán- aðarlaun, er greiðist í peningum að nokkru eða öllu. Sé verzlunarskóli á staðnum þar sem nemandi er ráðinn, skal nemandi einnig séð fyrir ókeypis kenslu á skólanum, og veittur nægilegur tími til náms.

### 5. gr.

Fyrstu 3 mánuðina af námstímanum ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða og hafa þá bæði verzlunarstjórnandi og nemandi, sé hann þá orðinn 16 ára, en ella foreldrar eða fjárráðamenn, rétt til þess, að heimta að samningnum sé slitið án þess að tilgreina nokkra ástæðu. En þegar svo er, á hvorugur heimtingu á skaðabótum hjá hinum, nema skýlaus ákvæði sé um það gerð í samningnum.

### 6. gr.

Nemandi skal sýna húsbónda sínum trúmennsku, hlýðni og auðsveipni og vinna honum alt það gagn, sem hann frekast má. Geri nemandi sig sekan í nokkurri óráð- vendni, má reka hann burt frá náminu.

7. gr.

Sé nemandi yngri en 18 ára, má vinnutíminn ekki fara fram úr 12 stundum á dag að meðtöldum námstíma og 2 stundum til að hvílast og matast. Nema brýna nauðsyn beri til, má verzlunarstjórnandi ekki láta nemandann vinna neina vinnu frá kl. 9 á kvöldin til kl. 6 á morgna.

8. gr.

A sunnudögum eða öðrum helgidögum þjóðkirkjunnar má verzlunarstjórnandi ekki fá nemanda neina vinnu, nema þegar sérstaklega mikið liggur við eða þegar birgðakönnun á sér stað. Nemandi skal fá 10 daga sumarfrí.

9. gr.

Meðan námstíminn stendur yfir, skal verzlunarstjórnandi vaka yfir hegðun og siðferði nemanda og eftir megni varna því, að aðrir hafi siðspillandi áhrif á hann. Hann má ekki setja nemanda til annarar vinnu en þeirrar, sem lýtur að námi hans. Á meða annars skal hann gæta þess að nemandi fái nokkra verklega æfingu í skrifstofustörfum. Þegar námstímanum er lokið, á nemandi heimtingu á að fá skírteini hjá verzlunarforstjóra um að námi hans sé lokið og enn fremur vottorð um hegðun sína og dugnað.

10. gr.

Nú sykist nemandi án þess honum sé sjálfum sök á gefandi sakir ótilhlyðilegrar hegðunar og ber verzlunarstjórnanda þá að greiða honum laun í 6 vikur frá þeim tíma, sem hann veiktist; og auk þess greiða kostnað allan við sjúkrahúslegu hans í jafnlangan tíma. Ákvæði þessu verður ekki breytt með neinum samningi milli aðila.

11. gr.

Námssamningur verður ógildur:

1. Þá er verzlunarstjórnandi deyr.
2. Þá er verzlunarstjórnandi hættir við verzlun sína eða verður gjaldþrota.
3. Þá er báðir samningsaðilar verða ásáttir um það, þó svo, að sé nemandinn yngri en 18 ára þá þarf hann einnig samþykki fjárráðamanns síns.

12. gr.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila út af námssamningi, skal það mál útkljá af gerðardómi. Gerðardóminn skipa 2 kaupmenn eða verzlunarstjórar, er verzlunarstjórnandi útnefnir, og 2 verzlunarmenn, er nemandi útnefnir, en sjálfkjörinn oddamaður gerðardómsins er bæjarfógeti. Neiti annar málsaðila að útnefna menn í gerðardóminn, skal hinum aðilanum heimilt að útnefna þá alla 4. Sá sem beiðist gerðar skal snúa sér skriflega eða munnlega til oddamanns og kveður hann málsaðila, með 8 daga fyrirvara í mesta lagi, til þess að mæta fyrir sér ásamt gerðarmönnum sínum. Skal þá málið útkljáð að fullu og ræður afl atkvæða, þó má veita aðilum frest, alt að 8 dögum, í eitt skifti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Málsaðilar eru algerlega bundnir við úrskurð gerðardómsins. Mæti einhver gerðarmanna ekki, skal málinu ráðið til lykta af þeim gerðarmönnum, sem mættir eru.

Með gerðardómi má slíta samningi og dæma þeim, er tjón bíður, skaðabætur.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10 til 200 krónum, og mál út af þeim skal farið með sem almenn lögglumál.

14. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin lög nr. 15, 16. sept. 1893 um iðnaðarnám að því er verzlunarnemendur og verzlunarstjórnendur í kaupstöðum snertir.